

## Znamenskaya gegn Rússlandi

Dómur frá 2. júní 2005

Mál nr. 77785/01

8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

*Ákvörðun um faðerni.*

### 1. Málsatvik

Kærandi, Natalya Vasilyevna Znamenskaya, er rússneskur ríkisborgari og fædd 1955. Þann 4. ágúst 1997 fæddi hún andvana sveinbarn og ákvað að jarðsetja það. Barnið var við fæðingu sjálfkrafa skráð barn fyrrverandi eiginmanns hennar sem hún hafði fengið lögskilnað við í mars 1997.

Kærandi hélt því fram að kynfaðir barnsins væri G. en þau höfðu verið í sambúð síðan 1994. Þau gátu hins vegar ekki lagt fram sameiginlega yfirlýsingu um faðerni barnsins þar sem G. hafði farið í fangelsi 20. júní 1997 og þar lést hann 12. október 1997. Þann 10. ágúst 2000 krafðist kærandi fyrir dómstól að G. yrði skráður faðir hins andvana barns og það fengi nafn hans og ættarnafn. Þann 16. mars 2001 vísaði dómstóllinn málinu frá þar sem hið andvana barn hefði aldrei öðlast réttthæfi og þau ákvæði sem um ræddi í fjölskyldulögunum áttu aðeins við um lifandi börn. Kærandi kærði ákvörðunina en án árangurs.

### 2. Málsmeðferð fyrir Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi taldi að þar sem dómstólar vildu ekki taka kröfu hennar til skoðunar hefði verið brotið gegn friðhelgi einkalífs hennar og fjölskyldu skv. 8. gr.

#### *Niðurstaða*

Mannréttindadómstóllinn taldi að 8. gr. ætti við í málinu. Haft var í huga að þar sem kærandi hefði myndað sterk tengsl við barnið á meðgöngu og vildi gefa því nafn og grefta, hlaut feðrun þess að hafa áhrif á einkalíf hennar sem naut verndar 8. gr. Dómstóllinn benti á að ekki var deilt um eðli né tilvist sambands kæranda og G. Enginn hafði heldur vefengt að G. hefði í raun verið faðir barnsins. Þar sem barnið hafði fæðst andvana lagði faðerni þess ekki neinar skyldur á nokkurn sem málinu tengdist. Því var ekki að sjá að neinir hagsmunir væru andstæðir hagsmunum kæranda.

Höfnun dómstóls á kröfum kæranda byggðist ekki á neinum réttmætum eða sannfærandi rökum að mati Mannréttindadómstólsins. Í samræmi við dómafrákvæmd sína taldi dómstóllinn að þegar aðstæður þar sem löglíkur væru látnar vega þyngra en líffræðilegur og félagslegur raunveruleiki, án tillits til sannaðra staðreynda eða óska viðkomandi og án þess að nokkur annar hefði hagsmuna að gæta af niðurstöðu gæti það ekki, jafnvel í ljósi svigrúms ríkisins til mats, talist samræmanlegt skyldu ríkisins til að tryggja friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Því komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda skv. 8. gr.

Voru kæranda dæmdar 1.000 evrur í miskabætur á grundvelli 41. gr.

Þrjú dómáttal skiluðu séráliti.